

12. stjórnarfundur Almannaheilla

haldinn 8. maí 2019 kl.09:00 í Sigtúni 42

Mætt eru: Erna Reynisdóttir (ER), Guðlaug B. Guðjónsdóttir (GBG), Guðrún Helga Bjarnadóttir (GHB) Hildur Helga Gísladóttir (HHG), Jónas Guðmundsson (JG), Ragnheiður Sigurðardóttir (RS), Þóra Þórarinsdóttir (ÞÞ).

Forföll boðuðu: Árni Einarsson (ÁE), Ásdís Eva Hannesdóttir (ÁEH), Erna Arngrímsdóttir (EA), Ketill Berg Magnússon (KBM), Steinunn Hrafnadóttir (SH) og Vilhjálmur Bjarnason (VB).

Fundur settur kl. 09:00

1. Aðalfundur 2019

Það er ekki staðfest að fundurinn sé boðaður samkvæmt lögum samtakanna. Senda skal út fundarboð til aðildarféлага með minnst fjögurra vikna fyrirvara.

Auglýstur fundur á heimasíðu er 15. maí 2019.

Fundarstjóri: Helgi Gunnarsson (UMFÍ).

Ritari: Ragnheiður Sigurðardóttir (UMFÍ).

JG fór yfir ársreikninginn. Stjórn samþykkti reikninginn.

Afgreiðsla umsókna nýrra félaga. Stjórn samþykkir tillögu vinnuhóps stjórnar um inngöngu IOGT.

...Erna sendir póst eftir fund – staðfesting....

Stjórn samþykkir fundartíma í gegnum tölvupósta.

Stjórn leggur til að siðareglur verði til umræðu á aðalfundi.

2. Frumvarp um Almannaheillafélög

Umræða fór fram um stöðu frumvarpsins. 11 umsóknir hafa borist um frumvarpið. Enn er ekki ljóst um afgreiðslu frumvarpsins út úr nefndinni. Stjórn er hvött til þess að ræða við sitt fólk og ýta undir umræðu og vitund um frumvarpið.

3. Lýsa - Fundur fólksins 2019

JG fór yfir samvinnu við MAK. Ekki er búið að ganga frá samningi. Vinnuhópur stjórnar er í viðræðum við MAK í samráði við lögmann.

4. Siðareglur Almannaheilla

Jón Ólafsson heimspekingur hefur rýnt siðareglur Almannaheilla og liggur rýniskjal fyrir.

5. Málefnaþóparnir

Fræðslunefnd hefur sett niður breytta dagskrá námsins fyrir stjórnendur þriðja geirans. Námið er styttra, hnitmiðaðra og ódýrara.

Samráðsgátt um heimsmarkmiðin er opin til 15. maí og eru stjórnarmenn hvattir til að senda inn umsagnir.

Í tengslum við ráðstefnu norrænu ráðherranefndarinnar um umhverfismál hitti Þóra fulltrúa frjálsra félagasamtaka á Norðurlöndunum og kynnti fyrir þeim samning og samstarf við forsætisráðuneytið og félög í þriðja geiranum varðandi heimsmarkmiðin.

6. Önnur mál

Ánægja var kynningarfundur hjá Landssamtökunum Þroskahjálp þann 10. apríl sl. Þakklæti til þeirra um góða móttöku, gestrisni og kynningu á starfi samtakanna.

Næsti fundur er boðaður _____miðvikudaginn kl. 09:00 í Sigtúni 42.

RS ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 10:50.